

AUGLÝSING

um staðfestingu vinnureglna stjórnar Launasjóðs fræðiritahöfunda.

Menntamálaráðherra hefur með vísan til 7. gr. reglna nr. 268/1999 um Launasjóð fræðiritahöfunda staðfest vinnureglur stjórnar sjóðsins um úthlutun sbr. meðfylgjandi fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 8. febrúar 2000.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

Launasjóður fræðiritahöfunda.

Vinnureglur.

Rétt til að sækja úr Launasjóði fræðiritahöfunda hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku. Meginhlutverk Launasjóðs fræðiritahöfunda er að auðvelda samningu bóka og verka í stafrænu formi til eflingar íslenskra menningu. Starfslaun skulu veitt til hálfis árs eða eins árs, til tveggja ára eða þriggja. Þeir sem hljóta starfslaun úr sjóðnum skulu ekki gegna föstu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur. Starfslaun skulu miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Þau sem taka starfslaun hjá sjóðnum skulu vera á skrá hjá stjórn sjóðsins og fá greidd starfslaun mánaðarlega að viðbættu 6% álagi. Þau skulu eiga aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Starfslaunaþegar skulu skila skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum eigi síðar en ári eftir að honum lýkur. Stjórn sjóðsins má fella niður starfslaun sem veitt eru til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi fræðimaður hafi ekki sinnt fræðistörfum sínum. Hér að neðan er getið þeirra megin vinnureglna sem að stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda skal fylgja við störf sín:

1. Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda metur hverju sinni hæfi umsækjandans og þá möguleika sem ætla má að hann hafi til að ljúka verkefni því sem hann sótti um styrk til. Við hæfismat tekur stjórn sjóðsins tillit til menntunar og reynslu umsækjanda, fyrri útgáfustarfa hans og umsagna um verk hans.
2. Við ákvörðun um úthlutun metur stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda mikilvægi verks þess sem styrkja á og hvernig það fellur að hlutverki sjóðsins. Lýsing umsækjanda á markmiði verksins, markhópi höfundar, öðrum styktaraðilum og væntanlegum útgefendum skal vera stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda til leiðbeiningar við að taka ákvörðun um styrkveitingu.
3. Umsækjendur skulu leggja fram ítarlega verkáætlun þar sem m.a. kemur fram hvenær hefja skal verkið og hvenær því lýkur. Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda vegur hverju sinni hversu raunhæf verkáætlun umsækjanda er.
4. Umfang verksins og aðrir styrkir umsækjanda verður haft til hliðsjónar um styrkveitingu úr sjóðnum.
5. Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda er heimilt að leita eftir umsögn a.m.k. tveggja sérfróðra aðila um umsóknir, telji hún þess þörf.
6. Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda mun í upphafi hvers styrktímabils kynna þau verk

sem hlotið hafa styrk sjóðsins. Í lok styrktímabils mun stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda fara þess á leit við styrkþega að þeir geri rækilega grein fyrir framvindu verks og stjórnin geti ef svo ber undir birt opinberlega útdrátt úr framvindu- og lokaskýrslum styrkþega.

Reykjavík, janúar 2000.
Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.

Skipagjald.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalinn kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi.

Skylda til að greiða skipagjald fellur eigi niður þótt eigandi skips hafi ekki látið skoða skip árlegri aðalskoðun, né heldur þótt skip hans hafi ekki verið í notkun um stundarsakir.

Heimilt er að fella niður helming skipagjalds hafi skip ekki verið skoðað né haft haffæri á viðkomandi almanaksári.

Ef skip eru afskráð vegna úreldingar eða sölu úr landi er Siglingastofnun Íslands heimilt að fella hluta skipagjalda afskráningarárs niður að því tilskildu að aðalskoðun hafi ekki farið fram á því ári.

Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds skv. 1. mgr. fargjöld og dagpening skoðunarmanns.

Skipagjaldið skal vera sem hér segir:

Skip flokkuð hjá Siglingastofnun Íslands:	Kr.
Fyrir skip allt að 8 m að skráningarlengd	11.400
Fyrir skip 8 m á lengd til 15 m mestu lengd	20.500
Fyrir skip 15 m að lengd til 24 m skráningarlengd	45.800
Fyrir skip 24 m að lengd til 45 m skráningarlengd	90.900
Fyrir skip 45 m að lengd til 60 m skráningarlengd	150.000
Fyrir skip yfir 60 m að skráningarlengd	198.600

Fyrir skip flokkuð hjá viðurkenndu flokkunarfélagi greiðist 60% af ofangreindum gjaldstofni.

Fyrir flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá, sem ekki eru háð árlegu eftirliti, greiðist árlegt gjald kr. 17.300.

Fyrir skoðun flotkvía greiðist samkvæmt reikningi.

Ef óskað er eftir að skoðun sé framkvæmd utan dagvinnutíma skal greiða fyrir vinnuna skv. útseldum texta viðkomandi starfsmanns.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

3. gr.

Nýsmíði.

3.1. Skip með mestu lengd allt að 15 metrum.

3.1.1. Fyrir samþykkt á sérsmíðuðum bátum og fyrsta báti í raðsmíði greiðist sem hér segir: